

Austurbrú ses

Ársreikningur 2012

Austurbrú ses
Miðvangi 2-4
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Austurbrú ses. tók yfir eignir og skuldir ofangreindra stofnana og félaga á bókfærðu verði 31. maí 2012. Samkvæmt stofnefnahagsreikningi námu yfirteknar eignir 94,8 millj. kr. og skuldir 97,1 millj. kr. Yfirtekið neikvætt eigið fé nam því 2,3 millj. kr.

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 191,3 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 9,3 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 85,7 millj. kr. Eigið fé í árslok var neikvætt sem nam 11,6 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um jöfnun rekstrarhalla og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver sig leggja fram 50 þús. kr. stofnframlag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Austurbrúar ses. staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2012 með undirritun sinni og leggja til við aðalfunda að hann verði samþykktur.

Reyðarfirði, 6. maí 2013

Stjórn:


Sognur Sveinbjörnsson
Kögnvaldur Ólafsson
Þórunn Jónsdóttir
Katrín Jónsdóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Anna Þóra Hilgadóttir

Framkvæmdastjóri:


Karl Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnenda Austurbrúar ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Austurbrúar ses. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reyðarfirði, 6. maí 2013

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012
Rekstrartekjur:		
Framlög ríkisins		96.056.056
Framlög sveitarfélaga		15.546.783
Önnur framlög		31.799.786
Aðrar tekjur		47.909.955
		191.312.580
 Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	4	87.207.523
Greiddir styrkir		31.275.000
Annar rekstrarkostnaður		79.918.259
		198.400.782
 Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(7.088.202)
Afskriftir	3,6	1.806.604
 Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(8.894.806)
Hrein fjármagnsgjöld	5	405.623)
 Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	8	(9.300.429)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2012
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign		7.577.630
Skrifstofubúnaður		6.991.887
Bifreið		988.667
	3,6	<u>15.558.184</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög	7	340.000
		<u>340.000</u>
	Fastafjármunir	<u>15.898.184</u>
Veltufjármunir:		
Vörubirgðir	3e	1.043.349
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	3f	16.044.185
Óinnheimtar tekjur vegna verkefna	3g	20.841.350
Óinnheimt framlög sveitarfélaga		12.700.000
Handbært fé	3h	<u>19.185.814</u>
	Veltufjármunir	<u>69.814.698</u>
	Eignir samtals	<u><u>85.712.882</u></u>

31. desember 2012

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2012
Eigið fé:		
Stofnfé		1.600.000
Ójafnað eigið fé	(11.617.439)
	8	<u>10.017.439</u>
Langtímaskuldir:		
Skuldabréfalán	9	<u>5.580.852</u>
Skammtímaskuldir:		
Skuldir við lánastofnanir		12.879.024
Viðskiptaskuldir		8.468.231
Skuld við tengdan aðila, Vaxtasamningur Austurlands		26.027.450
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	1.116.171
Ógreidd úthlutuð framlög		18.675.000
Aðrar skammtímaskuldir		22.983.593
		<u>90.149.469</u>
	Skuldir samtals	<u>95.730.321</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>85.712.882</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit 2012

	Skýr.	2012
Rekstrarhreyfingar:		
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	11	(9.300.429)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	9	1.806.604
Verðbætur og gengismunur skulda		105.712
Veltufé til rekstrar		<u>(7.388.113)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir, hækkun		(243.349)
Skammtímakröfur, hækkun		(1.364.344)
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(22.303.792)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(23.911.485)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(31.299.598)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(3.764.935)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(3.764.935)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Innborgað stofnfé		1.600.000
Skuldir við lánastofnanir, breyting		5.935.357
Skuldir við tengdan aðila, breyting		16.027.450
Afborganir langtímalána		(1.112.688)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>22.450.119</u>
Lækkun á handbæru fé		(12.614.414)
Handbært fé yfirtekið við stofnun		<u>31.800.228</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>19.185.814</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um stofnunina

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningum.

a. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörsdegi.

b. Færslu gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign.....	25 ár
Áhöld og tæki.....	4 ár

d. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

e. Vörubirgðir

Birgðir stofnunarinnar er vörubirgðir Markaðsstofu og eru færðar á kostnaðarverði eða endursöluverði, sé það lægra.

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 0,9 millj. kr. í ársreikningunum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

g. Óinnheimtar tekjur vegna verkefna

Óinnheimtar tekjur vegna samningsbundnum verkefnum er færðar meðal krafna í árslok að því marki sem búist er við að þær muni innheimtast. Um er að ræða samningsbundnar tekjur þar sem kostnaður hefur fallið til en tekjur er óinnheimtar. Samtals nema óinnheimtar tekjur 22,3 millj. kr. í árslok 2012, vegna sjö samninga.

h. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í árslok.

Skýringar frh.

4. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna er sem hér segir:

2012

Laun	72.799.360
Tryggingagjald	6.701.831
Lífeyrissjóðsframlag	7.635.179
Önnur launatengd gjöld	2.107.871
Áfallið orlof, breyting	(2.036.718)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>87.207.523</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 18

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 9,0 millj. kr. á árinu

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

2012

Vaxtatekjur	441.603
Vaxtagjöld og verðbætur	(847.226)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(405.623)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreið	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Yfirteknar eignir 1.6.2012	16.789.049	1.483.000	24.493.687	42.765.736
Keypt á árinu	0	0	3.764.935	3.764.935
Niðurlagt á árinu	0	0	(614.799)	(614.799)
Heildarverð 31.12.2012	<u>16.789.049</u>	<u>1.483.000</u>	<u>27.643.823</u>	<u>45.915.872</u>
Yfirteknar afskriftir 1.6.2012	8.819.675	407.825	19.938.384	29.165.884
Afskrifað og niðurlagt á árinu	391.744	86.508	1.328.351	1.806.604
Afskrift færð út	0	0	(614.799)	(614.799)
Afskrifað samtals	<u>9.211.420</u>	<u>494.333</u>	<u>20.651.936</u>	<u>30.357.689</u>
Bókfært verð 31.12.2012	<u>7.577.629</u>	<u>988.667</u>	<u>6.991.888</u>	<u>15.558.184</u>
Afskriftahlutföll	4%	10%	25-33%	

Austurbrú ses. tók þann 1. júní 2012 yfir eignir Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands á bókfærðu verði 31. maí 2012.

Fasteignamat og vátryggingarverð

Í árslok 2012 nam fasteignamat fasteigna 12,4 millj. kr.og vátryggingaverðmæti 41,0 millj. kr.

7. Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
	<u>340.000</u>	<u>340.000</u>

Skýringar frh.

8. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Eigið fé Samtals
Yfirtekið eigið fé 1.6.2012	0	(2.317.010)	(2.317.010)
Innborgað stofnfé	1.600.000		1.600.000
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins		(9.300.429)	(9.300.429)
Eigið fé 31.12.2012	<u>1.600.000</u>	<u>(11.617.439)</u>	<u>(10.017.439)</u>

Austurbrú ses. tók þann 1. júní 2012 yfir eignir og skuldir Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands á bókfærðu verði 31. maí 2012.

Samkvæmt stofnefnahagsreikningi námu yfirteknar eignir 94,8 millj. kr. og skuldir 97,1 millj. kr. Yfirtekið neikvætt eigið fé nam því 2,3 millj. kr.

9. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Verðtryggð lán með 5% vöxtum	<u>6.697.022</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	6.697.022
Næsta árs afborganir	<u>(1.116.171)</u>
	<u>5.580.852</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2012.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2013	1.116.171
Árið 2014	1.116.171
Árið 2015	1.116.171
Árið 2016	1.116.171
Árið 2017	1.116.170
Síðar	1.116.170
Langtímaskuldir þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>6.697.022</u>

Skýringar frh.

10. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum stofnunarinnar samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf stofnunarinnar.

	Bekkingarnet Háskóli	Bekkingarnet símenntun	Próunarfélag	Markaðsstofa	Upplýsinga- miðstöð	Menningaráð	Yfirstjórn	2012 Samtals
Rekstrartekjur:								
Framlög ríkisins	18.445.200	14.263.300	22.231.556	4.155.332	1.166.668	35.794.000	0	96.056.056
Framlög sveitarfélaga	0	0	1.445.073	4.160.044	2.533.333	7.408.333	0	15.546.783
Önnur framlög	400.000	25.769.304	0	1.809.152	905.690	0	2.915.640	31.799.786
Aðrar tekjur	2.758.051	22.482.705	8.040.561	2.480.244	7.548.115	2.314.463	2.285.816	47.909.955
	21.603.251	62.515.309	31.717.190	12.604.772	12.153.806	45.516.796	5.201.456	191.312.580
Rekstrargjöld:								
Laun og launatengd gjöld	16.697.899	29.959.060	12.458.749	5.220.554	4.866.118	5.395.601	12.609.542	87.207.523
Greiddir styrkir	0	0	0	0	0	31.275.000	0	31.275.000
Annar rekstrarkostnaður	7.506.967	22.206.482	11.421.096	6.422.775	6.839.697	8.121.408	17.399.834	79.918.259
	24.204.866	52.165.542	23.879.845	11.643.329	11.705.815	44.792.009	30.009.376	198.400.782
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án afskrifta fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(2.601.615)	10.349.767	7.837.345	961.443	447.991	724.787	(24.807.920)	(7.088.202)
Afskriftir	0	0	0	0	0	0	1.806.604	1.806.604
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(2.601.615)	10.349.767	7.837.345	961.443	447.991	724.787	(26.614.524)	(8.894.806)
Hrein fjármagnsgjöld	0	0	0	0	0	0	(405.623)	(405.623)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	(2.601.615)	10.349.767	7.837.345	961.443	447.991	724.787	(27.020.147)	(9.300.429)